



Framkvæmda- fréttir 7. tbl. /17



Hringvegur (1) í sunnanverðum Berufirði. Það verða margir því fegnir þegar þessi vegarkafli verður tilbúinn með bundnu slitlagi.

Hringvegur (1), um Berufjarðarbotn

Boðin hefur verið út vega- og brúargerð fyrir botni Berufjarðar. Hér er gripið niður í útboðslýsinguna á nokkrum stöðum. Í útboðinu felst:

- Gerð nýs Hringvegar á 2,9 km löngum kafla norðan Berufjarðar og þar af um 0,4 km yfir allt að 5 m djúpan sjávarvog.
- Endurgerð Hringvegar á 2,0 km löngum kafla sunnan Berufjarðar.
- Gerð 1,7 km langra heimreiða að Hvannabrekku og Berufirði.
- Smíði nýrrar 50 m langrar brúar.
- Tilheyrandi tengingar, ræsagerð, rofvarnir og aðgerðir vegna sigs o.fl.

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboodsvefur.is](http://Utboodsvefur.is) og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Útboðskaflinn er í sveitarfélaginu Djúpavogshreppi og liggur um lönd jarðanna Hvannabrekku, Berufjarðar II og III og Lindarbrekku I og II.

Vegarkafllinn er fyrir botni Berufjarðar og liggur beggja megin fjarðar. Norðan fjarðar fylgir vegstæðið núverandi Hringvegi til að byrja með, en vikur síðan frá honum í áttina að sjó og liggur í og við ströndina yfir gróið land, tún og leirur eða allt að stöð 2.460.

Frá þeirri stöð að stöð 3.400 verður fjörðurinn þveraður yfir djúpan ál og leirur og vegurinn byggður á allt að 9 m hárrí fyllingu. Brú verður á milli stöðva 3.120-3.170. Sunnan fjarðar kemur vegurinn á land við Reiðeyri og þaðan og til hækandi stöðvar verður vegstæðið í og við núverandi Hringveg, en vikur sums staðar frá honum og liggur um klappir, skriðurunnar hlíðar og skriðukeilur. ▶

Tölvupóstlisti. Þeir sem fylgjast með vefútgáfu Framkvæmdafrétta geta fengið sendan tölvupóst þegar nýtt tölublað er birt á vegagerdin.is. Til að komast á lista, sendið tölvupóst til askrift@vegagerdin.is

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 25. árg. nr. 675 14. júlí 2017

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er
birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum.
Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá
stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra
lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), um Berufjarðarbotn 17-027

Tilboð opnuð 20. júní 2017. Gerð 4,9 km langs vegar um Berufjarðarbotn ásamt smíði 50 m langrar brúar og gerð 1,7 km langra heimreiða að bæjunum Berufirði og Hvannabrekku. Annars vegar er um að ræða nýbyggingu á 2,9 km kafla Hringvegar norðan Berufjarðar og er um 1 km af þeim að hluta yfir sjávarvog. Hins vegar er endurgerð Hringvegar á 2,0 km löngum kafla sunnan Berufjarðar.

Helstu magntölur eru:

Vegahluti

Skeringar	95.000 m ³
þar af í berg	65.000 m ³
Fyllingar	251.000 m ³
þar af í sjó og yfir leirur	133.000 m ³
Lenging og endurlögn ræsa	600 m
Styrktarlag	31.000 m ³
Burðarlag	9.000 m ³
Tvöföld klæðing	39.000 m ²
Rofvörn	12.000 m ³

Brúarhluti

Gröftur úr afstífaðri gryfju (sponspili)	3.700 m ³
Fylling við steipt mannvirki	2.000 m ³
Mótafletir	1.338 m ²
Steypustyrktarjárn	47.910 kg
Spennit járnalögn	9.979 kg
Steypa	606 m ³
Vegrið á brú	102 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2018.


nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Borgarverk ehf., Borgarnesi	1.034.735.000	128,2	191.980
3	ÍAV hf., Reykjavík	992.631.031	123,0	149.876
2	Suðurverk hf., Kópavogi	920.667.000	114,1	77.912
1	Héraðsverk ehf. og MVA ehf., Egilsstöðum	842.755.323	104,4	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	807.222.000	100,0	-35.533

Hringvegur er stofnvegur og lagður skv. vegtegund C8 í samræmi við veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Hann verður 8,0 m breiður með 7,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Bundið slitlag skal vera 7,8 m breitt og ysti 0,1 m breiði hluti axla með malarslitlagi. Þar sem verða sett vegrið breikka vegaxlir um 0,5 m. Heimreiðar og tengingar skulu lögð skv. vegtegund D4 og vera 4 m á breidd með malarslitlagi. Útskot á heimreiðum eru með u.þ.b. 200 m millibili og er efnismagn vegna þeirra inni í viðkomandi magntölum verklíða. Þær skulu þó breiðari og lagðir bundnu slitlagi við vegamót. Brúin verður um 1,8 km austan núverandi brúar á Berufjarðará. Hún verður steipt eftirspennt bitabrá í tveimur 25 m löngum höfum með 9,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum brikum. Heildarbreidd brúarinnar er 10,0 m. Landstöplar eru í stöðvum 3.120 og 3.170. Brúin er í planboga með 500 m radía og 4,5% þverhalla. Veglína um brúna í lóðréttu plani er lárétt. Brúin verður grunduð á 30 m löngum steiptum niður-rekstrarstaurum. Áður en hægt er að reka staura í undirstöður brúarinnar þarf að fergja brúarstæðið. Fergingunni verður

aflétt og vinnuplan eftir fergingu verður í hæð 1,2 m. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar mun reka niður staurana sem verkkaupi leggur til. Lækka þarf vinnuplanið staðbundið til að reka niður staurana og byggja sökkla. Áætlað er að efri endar staura verði í hæð -1 m. Verktaki sér um nauðsynlegar flóðavarnir og vatnaveitingar til að halda vatni frá sökklum á byggingartíma. Á brúna skal setja vegrið og rofvörn skal koma fyrir við sökkla. Sjá teikningar af brú í næstu opnu. Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir við undirritun samnings og samkvæmt samþykktri verkáætlun. Eftirfarandi tímamörk eru í verkinu:

- Gerð fyllingar á kaflanum st. 3.100-3.400 sem og ferging brúarstæðis á kaflanum st. 3.100-3.200 skal lokið fyrir 20. nóvember 2017.
- Gerð fyllingar og ferging á kaflanum st. 2.400-2.800 skal lokið fyrir 1. maí 2018.
- Smíði brúar og frágangi við hana skal lokið fyrir 1. ágúst 2018.
- Öllu verkinu skal lokið fyrir 1. september 2018. ■





Ný brú í Berufirði, sjá texta á bls. 3



Staða framkvæmda við vegamót Reykjanesbrautar (41) og Krýsuvíkurvegjar (42) sunnudaginn 2. júlí. Samsett drónamynd.



Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga hefur undanfarnar vikur unnið að viðgerð á brúnni yfir Hofsa í Vopnafirði á Hlíðarvegi (917). Myndin var tekin 7. júlí. Þessi brú var byggð 1930 og eru margar brýr af þessari kynslóð komnar á tíma í miklu viðhaldi eða endurnýjun.

Málfarshorn vegorðanefndar nr. 5

Vefslóð vegorðasafns er

<https://vegordasafn.vegagerdin.is>

Það hefur orðið samkomulag um það að birta reglulega stutta pistla um málfar í vegagerð hér í þessu blaði. Þetta er efni sem vegorðanefnd hefur fjallað um og vill leggja áherslu á að komist á framfæri. Allir þeir sem fjalla um vegagerð í ræðu og riti eru hvattir til að kynna sér safn orðanefndarinnar á vefnum.

Hér er fjallað um heiti stærðaflokka steinefna (tafla 1) sem hafa verið samþykkt af vegorðanefnd. Þessi flokkun er sett fram í inngangi *Efnisgæðaritsins (Efnisrannsóknir og efniskröfur – leiðbeiningar við hönnun framleiðslu og framkvæmd)*, sem birt er á vefslóðinni <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>. Stærðabil fyrir korn eða steina minni en 125 mm í þvermál eru í samræmi við framleiðslustaðla CEN/TC 154 og prófunarstaðla ÍST EN 933-1

og 2. Fyrir stærri steina er höfð hliðsjón af flokkun sem kynnt er í orðabókinni *Glossary of Geology* eftir Bates og Jackson¹⁾. Öll mál í þeirri bók miðast þó í grunninn við enska kerfið sem byggir á málsetningu í tommum en stærðir hafa hér verið færðar til metrakerfis í eðlilegu framhaldi af ISO 565 R20 sigtaröðinni. Þess ber að geta að hugtakið grettistak er í jarðfræði notað yfir grjót sem

Íslensk heiti stærðaflokka	Stærðabil, mm	Þyngd kúlulaga grjóts, kg - tonn	Þyngd teningslaga grjóts, kg - tonn	Enskt heiti stærðaflokka (Bates og Jackson)
Leir	< 0,002			Clay
Sylti	0,002-0,063			Silt
Sandur	0,063-4			Sand, < 4
Möl (völur)	4-63			Pebble, 4-64
Steinn	63-125			Small cobble, 64-128
Smágrýti	125-250	3 – 23 kg	6 – 45 kg	Large cobble, 128-256
Hnullungur	250-500	23 – 185 kg	45 – 360 kg	Small boulder, 256-512
Grettistak	500-1000	0,185 – 1,4 t	0,36 – 2,85 t	Medium boulder, 512-1.024
Stórgrýti	1.000-2.000	1,4 – 12 t	2,85 – 23 t	Large boulder, 1.024-2.048
Bjarg	2.000-4.000	12 – 97 t	23 – 182 t	Very large boulder, 2.048-4.096

Tafla 1. Stærðaflokkun steinefna.

verður eftir þegar jökull bráðnar en slíkt grjót getur verið af ýmsum stærðum. Til fróðleiks eru einnig birtar í töflunni þyngdir grjóts sem miðast við að rúmþyngd þess sé 2,85 Mg/m³ (tonn/m³). Annars vegar er gert ráð fyrir að grjótið sé kúlulaga og hinsvegar að það sé teningslaga. Í reynd er grjótið vigtað við byggingu rofvarna.

Á mynd 3 eru möskvastærðir og steinastærðir allra



Mynd 1. Efni í malarlitlag unnið í Djúpadal í Barðarstrandarsýslu sumarið 1994. Mól, sandur, sylti og leir.




Mynd 2. Rofvörn sett á fyllingu í sjó í Kjálkafirði í Barðarstrandarsýslu árið 2014. Smágrýti, hnullungur, grettistösk og neðri stærðir stórgrýtis.

stærðaflokkanna teiknaðar á x-ás. Myndin er annars notuð til að sýna sáldurferla og þá er þyngdarhlutfall sáldurs á y-ás. Þess ber að geta að mikill munur er á því hvernig stærðir steinefnakorna eru mældar. Smæstu stærðirnar leir og sylti eru mældar með flotvog (e: hydrometer) eða ljörva (e: laser) en stærðir frá 0,063 – 125 mm eru mældar með sigtun. Þessum prófunaraðferðum er lýst í viðauka 1 í *Efnisgæðaritinu*. Fyrir rofvarnargrjót eru sett fram ákvæði um þyngdir steina og er þá

miðað við að þeir hafi lögun tenings og miðast stærðin þá við hliðarlengd á teningnum. Stærðir rofvarnargrjóts eru oft mældar með málbandi en einnig er hægt að stærðargreina grjótið með myndgreiningu. Það er því ekki nákvæmt orðalag að tala um möskvastærðir eða sáldur fyrir grjót sem er stærra en 125 mm. ■

1) Bates, R.L., and Jackson, J.A., eds., 1987. *Glossary of geology* (3d ed.): Alexandria, Va., American Geological Institute, 788 p.



Mynd 3. Stærðaflokkar steinefna.

Niðurstöður útboða

Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, höfuðborgarsvæðið 17-047

Tilboð opnuð 4. júlí. Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á höfuðborgarsvæðinu árin 2017-2019.

Helstu magnþölur eru áætlaðar á ári:

Viðgerð með fræsun	3.200 m ²
Viðgerð með sögun	200 m ²
Viðgerð með íkasti	450 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 31. desember 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas ehf.	70.682.000	131,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	53.790.000	100,0	-16.892

Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, Reykjanes, Selfoss og Borgarnes 17-048

Tilboð opnuð 4. júlí. Viðgerðir á malbikuðum slitlögum á Reykjanesi, Selfossi og í Borgarnesi árin 2017-2019.

Helstu magnþölur eru áætlaðar á ári:

Viðgerð með fræsun	1.480 m ²
Viðgerð með sögun	100 m ²
Viðgerð með íkasti	550 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 31. desember 2019.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas ehf.	46.981.000	135,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	34.569.000	100,0	-12.412

Skoðanakönnun Maskínu um Vegagerðina og vegakerfið, vetur 2017

Áður birt á vegagerdin.is 23.06.2017

Aukin jákvæðni er í garð Vegagerðarinnar og aukin ánægja með störf stofnunarinnar samkvæmt viðhorfskönnun um þjóðvegi landsins sem Maskína vinnur fyrir Vegagerðina tvisvar á ári. Samkvæmt vetrarkönnuninni eru nú nokkuð fleiri sem finnst Vegagerðin sýnileg, þar sé almennt mikil fagmennska, símaþjónusta sé góð og Vegagerðin sé framsýn. Fleiri eru jákvæðir gagnvart Vegagerðinni en í síðustu könnun.


Einnig eru fleiri sem finnst Vegagerðin standa sig vel í snjómokstri, og fleiri sem eru ánægðir með lokanir vegna ófærðar eða óveðurs. En almennt hefur verið mikil ánægja með þær aðgerðir og vegfarendur ekki bara sýnt lokunum skilning heldur verið mjög jákvæðir gagnvart þeim. Lítillega fleiri eru ánægðir með hálkuvarnir en áður, og einnig í

jákvæðu viðhorfi til þess að breikka og tvöfalda akreinar, eða hvernig Vegagerðin stendur sig í því. Aukning er einnig þótt óveruleg sé í ánægju með heimasíðuna. En örlítið færri en áður telja heimasíðuna aðgengilega og aðeins færri en í síðustu könnun upplifa sig örugga á þjóðvegum landsins.

En almennt þá eykst jákvæðni gagnvart Vegagerðinni miðað við síðustu kannanir, nýliðin misseri og ár, þar sem heldur hefur dregið úr jákvæðni fram til þessa. Á svörum má líka lesa það út og túlka að fleiri en áður geri sér grein fyrir því að það hversu miklu Vegagerðin kemur í verk ræðst fyrst og fremst af fjárveitingum hverju sinni og sama á við um þjónustuna vetur og sumar og önnur verkefni Vegagerðarinnar.

Skýrsluna í heild má finna á vegagerdin.is

Fylgni (Pearsons r_{xy}) milli viðhorfs til Vegagerðarinnar (1. spurning) og annarra spurninga í könnuninni ásamt meðaltali þeirra.



Hér fyrir ofan má sjá þá þætti sem hafa marktæk tengsl við heildar ánægju hjá Vegagerðinni. Fylgnin getur orðið hæst +1,00, og því hærrí sem hún er þeim mun mikilvægari er þátturinn. Með fylgninni er meðaltal hvers þáttar sýnt (kvarði 1-5). Því ofar sem þátturinn er og lægra sem meðaltalið er þeim mun mikilvægara er að taka á honum til að efla heildar ánægju. Sjá má að á öllum þessum marktæku þáttum eru yfirleitt tækifæri til mikilla úrbóta (rauðar súlur) eða tækifæri til nokkurra úrbóta (gularsúlur).


Skýring á litum súlna:

Grá súla: Fylgni er jákvæð, þ.e. með hækkaningum á annarri breytinni þá hækka gildi á hinri.

Skýring á litum súlna:

Græn súla: Styrkleikabil (4,20-5,00).
Gul súla: Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).
Rauð súla: Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Hér fyrir neðan eru sýnd meðaltöl allra spurninga sem eru á fimm stiga kvarða.




Skýring á litum lóðlínanna:

Hægra megin við græna lóðlínu: Styrkleikabil (4,20-5,00).

Milli gulu og grænu lóðlínu: Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).

Vínstra megin við gula lóðlínu: Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?



Marktækur munur er á meðaltali milli 2016 og 2017 skv. t-prófi (p<0,05)

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta 2017-2020, Akrafjallshringur 17-042

Tilboð opnuð 4. júlí. Vetrarþjónusta árin 2017-2020 á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1), Hvalfjarðargöng norðan - Hvalfjarðarvegur, 12,5 km
- Akrafjallshringur (51), Hvalfjarðargöng norðan - Hringvegur, 18,4 km
- Grundartangavegur (506), Hringvegur - Hafnarsvæði, 2,5 km
- Innnesvegur (503), Akrafjallshringur - Akranes, Leynisbraut, 3,2 km
- Akranesvegur (509), Hringtorg - Akrafjallshringur, 0,9 km

Helstu magnþölur á ári eru:

Akstur mokstursbíls 11.000 km

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Borgarverk ehf.	22.200.000	197,1	7.513
1 Þróttur ehf.	14.687.500	130,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	11.262.500	100,0	-3.425

Vetrarþjónusta 2017-2020, Borgarfjörður og Mýrar 17-041

Tilboð opnuð 4. júlí. Vetrarþjónusta árin 2017-2020 á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1), Hvalfjarðarvegur - Norðurárdalsvegur, 68 km
- Hvalfjarðarvegur (47), Hringvegur í Melasveit - Botnsá, 26 km
- Borgarfjarðarbraut (50), Hringvegur við Seleyri
- Hringvegur við Bauluna, 49 km
- Snæfellsnesvegur (54), Hringvegur - Heydalsvegur, 38 km
- Vestfjarðavegur um Brattabrekku (60), Hringvegur - Breiðabólstaður, 17 km
- Skorradalsvegur (508), Borgarfjarðarbraut - slitlagsendi, 10 km
- Hvanneyrarvegur (511), Borgarfjarðarbraut - Hvanneyri, 2 km
- Hálsasveitarvegur (518), Borgarfjarðarbraut - Húsafell, 30 km

Helstu magnþölur eru:

Akstur mokstursbíla 56.200 km

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Borgarverk ehf.	57.300.000	106,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	53.915.000	100,0	-3.385

Hróarstunguvegur (925) um Urriðavatn og endurnýjun veitulagna 17-049

Tilboð opnuð 4. júlí. Hróarstunguvegur (925) um Urriðavatn og endurnýjun veitulagna.

Helstu magnþölur eru:

Veghluti

Bergskeringar í vegstæði	385 m ³
Fyllingar úr skeringum	1.950 m ³
Fyllingar úr bergskeringum	500 m ³
Ræsalögn	30 m
Styrktarlag	3.175 m ³
Burðarlag	915 m ³
Einföld klæðing	8.262 m ²
Frágangur fláa	10.800 m ²

Hitaveita

Gröftur fyrir lögnum	1.150 m
Fleygun á klöpp í lagnaskurði	50 m ³
Söndun	1.150 m
Fylling	1.150 m
Niðurlögn hitaveitu, pex 40 mm	1.150 m
Stýristrengur	1.150 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Þ. S. verktakar ehf.	32.554.557	148,3	9.526
1 Ylur ehf.	23.028.352	104,9	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	21.950.000	100,0	-1.078

Vetrarþjónusta 2017-2022, Kjalarnes - Mosfellsheiði 17-043

Tilboð opnuð 4. júlí. Vetrarþjónusta árin 2017-2022 á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1), Nesbraut - Hvalfjarðargöng, 21 km
- Hvalfjarðarvegur (47), Botnsá - Hringvegur, 34 km
- Þingvallavegur (36), Hringvegur - Lyngdalsheiðarvegur, 45 km
- Kjósarskarðsvegur (48), Hvalfjarðarvegur - Þingvallavegur, 22 km
- Hafravatnsvegur (431), Hringvegur - Sólvellir, 2 km

Helstu magnþölur eru:

Akstur mokstursbíla 65.000 km

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2022.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 IJ Landstak ehf.	110.500.000	135,4	51.750
4 Íslenska gámafélagið ehf.	108.610.000	133,1	49.860
3 Borgarverk ehf.	87.400.000	107,1	28.650
--- Áætlaður verktakakostnaður	81.600.000	100,0	22.850
2 Þróttur ehf.	74.385.500	91,2	15.636
1 Óskatak ehf. og Jarðbrú ehf.	58.749.600	72,0	0



Barðastrandarvegur (62) við Litluhlíð. Hagavaðall framundan. Eldri myndin er úr safni Jóns J. Víðis, tekin sumarið 1953. Ljósá efnid í veginum er líklega tekið á staðnum en þarna er ljós sandur í öllum fjörum og nær langt upp á land. Yngri myndin er tekin 26. september 2016.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
17-044 Skaftártunguvegur (208) um Eldvatn	2017
17-039 Skarðsvegur (793) í Skarðsdal	2017
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur - Þjónustuhús lðju	2017
16-087 Uxahryggjavegur (52), Borgarfjarðarbraut - Gröf	2017
16-022 Endurbætur á Þingvallavegi (36)	2017

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
17-050 Brú á Þverá við Odda, steypar undirstöður	26.06.17	18.07.17
17-032 Fræsing og festun á Vestursvæði og Norðursvæði	03.07.17	18.07.17

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
17-043 Vetrarþjónusta 2017-2022 Kjalarnes - Mosfellsheiði	19.06.17	04.07.17
17-042 Vetrarþjónusta 2017-2020 Ólafsvík - Vatnaleið	19.06.17	04.07.17
17-041 Vetrarþjónusta 2017-2020 Borgarfjörður og Mýrar	19.06.17	04.07.17
17-040 Vetrarþjónusta 2017-2020 Akrafjallshringur	19.06.17	04.07.17
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn	29.05.17	20.06.17
17-047 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, höfuðborgarsvæðið	19.06.17	04.07.17
17-048 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, Reykjanes, Selfoss og Borgarnes	19.06.17	04.07.17
17-049 Hróarstunguvegur (925), um Urriðavatn og endurnýjun veitulagna	19.06.17	04.07.17

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
17-038 Dalvíkurhöfn, dýpkun og landfylling	22.05.17	07.06.17
17-046 Eskifjörður lenging á Netagerðarbryggju	29.05.17	13.05.17
17-036 Húsavík - Bökugarður, hafnar-svæði, fylling lagnir og malbikun	15.05.17	30.05.17
16-080 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammssvegur göngubrú	08.05.17	23.05.17
17-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2017, malbik	08.05.17	23.05.17
16-079 Kísilvegur (87), Kollótaalda - Geitafellsá	15.05.17	30.05.17
17-033 Efnisvinnsla á Norðursvæði vesturhluti 2017	10.04.17	25.04.17
17-030 Dalvíkurhöfn, grjót og fyrirstöðugarður við Norðurgarð	27.03.17	19.04.17
17-006 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17
17-005 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17
17-027 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, repave-fræsun, yfirlögn	27.03.17	11.04.17
17-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-025 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2017	13.03.17	28.03.17
17-010 Ísafjörður, Mávagarður - viðlegustöpull	16.01.17	31.01.17

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
17-007 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2017 Arnardalur sf., kt. 540678-0309	11.04.17	16.05.17



Úr myndasafninu. Slenja á Eyvindarárdal, september 1984.

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta 2017-2020, Ólafsvík - Vatnaleið 17-042

Tilboð opnuð 4. júlí. Vetrarþjónusta árin 2017-2020 á eftirtalinni leið:

- Snæfellsnesvegur (54), Ólafsvík - Vatnaleið, 45 km
Helstu magntölur á ári eru:
Akstur mokstursbíls 13.700 km
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	B. Vigfússon ehf.	25.785.000	204,8	12.060
1	Balatá ehf.	17.968.500	142,7	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	12.592.500	100,0	-5.376
	B. Vigfússon ehf. skilaði einnig inn frávikstilboði.			